

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1989

31. júlí 1989

709

Nr. 376

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, sbr. og lög nr. 6, 27. febrúar 1989 um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hefur Verðlagsráð heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitna, er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 324, 20. júní 1989.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2,6%

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 323, 20. júní 1989.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2,6%

Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 162, 20. mars 1989.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,0%

Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 156, 20. mars 1989.

Allir liðir hækki um 8,0%

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 205, 10. apríl 1989.

Allir liðir hækki um 8,0%

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1989.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Guðrún Skúladóttir.

31. júlí 1989

Nr. 377

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, sbr. og lög nr. 6, 27. febrúar 1989 um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hefur Verðlagsráð heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, er taki þegar gildi:

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 329, 21. júní 1989.

Taxtar C1, C2 og C11 í gjaldskránni hækki um 2,6%

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1989.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Guðrún Skúladóttir.